

22.10.2014

157. mál

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 21. október sl. var fjallað um frumvarp til laga um vegalög.

Samþykkt var að gera ekki athugasemdir við frumvarpið enda sé þess gætt að ekki falli kostnaður á sveitarfélög án þess að fjármagn fylgi frá ríkinu.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is



Alþingi 14.11.2014

Alþingi

Málsnr.: 1409270

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Málalykill: 0345

Fljótsdalshéraði, 11. nóvember 2014
nr. erindis 201410087 ÓPB

Á 10. fundi Umhverfis- og framkvæmdanefndar Fljótsdalshéraðs 22.10.2014 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

Frumvarp til laga um vegalög/til umsagnar

Erindi í tölvupósti dagsett 17.10.2014 þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um frumvarp til laga um vegalög (gjaldtaka af umferð o.fl., EES-reglur), 157. mál.


Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdanefnd gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Bókun þessi var staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs, þann 5.11.2014.
Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Umhverfis- og framkvæmdanefndar


Ómar Þróstur Björgólfsson



7. nóvember 2014

Hér sendist umsögn Hrunamannahrepps vegna frumvarps til laga um vegalög, 157 mál.

1. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um vegalög.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um vegalög. Sveitarstjórn telur mikilvægt að fjármagn fylgi þeim vegum sem færast eigi til sveitarfélaga frá Vegagerðinni og þá bæði vegna héraðsvega utan og innan þéttbýli og slík yfirfærsla, bæði á vegum og fjármagni, verði að byggjast á skriflegum samningum.

Kveðja

JGV

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri

Alþingi
b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 14.11.2014
nr. erindis 201410222/50.13 jbh

Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um um breytingu á vegalögum

Bæjarráð óskaði á 1186. fundi sínum þann 30. október 2104 eftir umsögn framkvæmdastjóra umhverfissviðs vegna frumvarps Alþingis um breytingar á vegalögum nr. 80/2007. Umsögnin er hér meðfylgjandi.

Gerð er breyting á skilgreiningu héraðsvegur í 8. grein fyrrgreindra laga. Þar sem nú er gerð krafa um að héraðsvegur þurfi að vera staðfestur í skipulagi. Ennfremur er nú sett sú kvöð að landeigandi skuli kosta og vera veghaldari síðustu 50 m héraðsvegur. Í eldri lögum er eingöngu talað um að héraðsvegur endi 50 m frá krikjustað, skóla o.s.frv. Þetta gæti haft breytingar í för með sér á vegum í Mosfellsdal til dæmis hvað varðar Laxnessveg, Helgadalsveg, Mosfellsveg og fleiri vegi sem Vegagerðin hefur þjónustað með heflun og öðru viðhaldi. Orðalagsbreyting 8. gr. mun einnig hafa það í för með sér að fleiri vegir falla af þjóðvegaskrá en nú þegar er orðið. Í 9.gr. laganna er tekið út orðið þéttbýli sem væntanlega er til þess að gera ríkinu kleift að afhenda sveitarfélögum fleiri vegi. Í skýringum með lagafrumvarpinu (6.gr.) kemur fram sá misskilningur að ekki er gert ráð fyrir að í yfirfærslu héraðsvega felist kostnaður fyrir sveitarfélögin og að sveitarfélög hafi til þessa ekki tekið við héraðsvegum og því hafi Vegagerðin allan borið kostnað af rekstri þessara vega.

Minna verður á að Vegagerðin afhenti sveitarfélaginu einhliða talsverðan fjölda héraðsvega til Mosfellsbæjar fyrir nokkrum árum síðan án þess að samið væri um þá afhendingu með formlegum hætti. Þannig voru vegir afhentir í afleitu ástandi og án þess að þeim fylgdi fjárveiting frá ríkinu um rekstur. Ríkið hefði við þetta tækifæri átt að lagfæra þennan óréttláta gjörning með mörkun tekna til handa sveitarfélögum eða lagfæringu umræddra vega vegna afhendingar þeirra til sveitarfélaga. Í stað þess er haldið áfram á þeirri löglausu braut að eyða mörkuðum tekjum olíugjalda og skatta sem eiga að fara í vegagerð og samgangna til annarra málaflokka. Ríkið ætti því fremur að skoða það að endurskipuleggja Vegagerðina eða stofnunina niður í núverandi formi þar sem starfsemin er lítil og í raun óviðunandi á höfuðborgarsvæðinu þar sem þjóðvegakerfið er þéttast og umferðarþyngst.

Í ljósi ofangreinds leggur undirrituð til að ítrekað verði við innanríkisráðuneytið að yfirfærsla héraðsvega geti ekki gengið áfram með þeim einhliða og gerræðislega hætti sem verið hefur hingað til og verið er að opna frekar á með frumvarpi til breytinga á núgildandi vegalögum.

Virðingarfyllst.,
Jóhanna Björg Hansen
framkvæmdastjóri umhverfissviðs



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

5. nóvember 2014.

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á vegalögum 157. mál.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið, en ítrekar og áréttar, að við yfirfærslu þjóðvega til sveitarfélaga verði þess gætt, að vegum verði skilað í viðundandi ástandi og að nauðsynlegt fjármagn fylgi yfirfærslunni.

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. nóvember 2014

1401064SA GB
Málalykill: 400

Efni: Umsögn um frv. um br. á vegalögum, 157. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 17. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn sambandsins um ofangreint þingmál. Beðist er velvirðingar á því að vegna annríkis tókst ekki að veita umsögn innan þess frests sem gefinn var umsagnaraðilum.

Almennt um frumvarpið

Sambandið átti aðkomu að gerð frumvarpsins en það er að stórum hluta byggt á grundvelli tillagna nefndar sem innanríkisráðherra skipaði til þess að fjalla um tengsl vegalaga og skipulagslaga. Hópurinn lauk störfum í byrjun þessa árs en auk lagafrumvarps þess sem hér er til umsagnar leiddi vinna hans einnig af sér leiðbeiningar og gátlista sem ætlað er að stuðla að bættu samstarfi milli sveitarstjórna og Vegagerðarinnar við gerð skipulagsáætlana.

Með frumvarpinu er bætt úr ýmsum annmörkum á vegalögum nr. 80/2007. Sérstakt fagnaðarefni er að í nefndarvinnunni hefur náðst ásættanleg niðurstaða um yfirtöku sveitarfélaga á veghaldi þjóðvega í þéttbýli, sem hefur verið deilumál milli ríkis og sveitarfélaga nánast frá setningu vegalaga. Er um leið bætt úr þeim annmarka við setningu vegalaga árið 2007 að ekki var lagt mat á fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á sveitarfélögin.

Jafnframt stóð sambandið að tillögu í 3. gr. sem leiða mun til þess að horfið er að hluta frá þeirri breytingu sem varð við setningu laganna árið 2007, að stór hluti tengivega færðist yfir í flokk héraðsvega. Hefur í frumvarpinu verið tekið mikið tillit til sjónarmiða sambandsins um þetta atriði og ef frumvarpið verður samþykkt munu um 230 km af héraðsvegum, sem flestir eru fjölfarnir, færast aftur í flokk tengivega.

Tillaga um breytingu á 28. gr. laganna ásamt úgáfu leiðbeininga og gátlista ætti einnig að minnka verulega líkurnar á alvarlegum ágreiningi milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaga um staðsetningu þjóðvega í aðalskipulagi sveitarfélaga.

Einn helsti ávinningur af vinnu nefndar um endurskoðun vegalaga, sem vonandi endurspeglast vel í frumvarpinu, er aukinn skilningur á því að gott samræmi þarf að vera milli skipulagsyfirvalda sveitarfélaga og Vegagerðarinnar og er ljóst að gagnkvæmur vilji er hjá þessum aðilum til að bæta verklag og auka samráð til að koma í veg fyrir ágreining. Sambandið bindur því miklar vonir við að þær lagabreytingar og önnur skref sem þegar hafa verið stigin muni leiða af sér bætt verklag við ákvarðanatöku um vegamál.



Helstu niðurstöður nefndar um endurskoðun vegalaga

Í skýrslu nefndar sem skilaði tillögum til innanríkisráðherra í febrúar 2014 má finna svohljóðandi samantekt um meginniðurstöður:

„Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé ástæða til að breyta a-lið 2. mgr. 8. gr. vegalaga um flokkun vega, enda hefur ekki komið fram gagnrýni á það fyrirkomulag sem sú málsgrein ákveður. Hins vegar er ljóst, að ekki næst sátt milli ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku þjóðvega sem færast í flokk sveitarfélagavega á grundvelli nýrra vegalaga árið 2008, nema umræddir vegir séu í viðunandi ástandi við skilin og sveitarfélögin fái árlegt framlag vegna viðhalds og þjónustu, a.m.k. um tiltekinn tíma. Við athugun Vegagerðarinnar og með vísun til gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina er komist að sömu niðurstöðu og varð á fundum Vegagerðarinnar og sambandsins árið 2009, þ.e. að ástand skilavega er svo mismunandi, að ekki er unnt að gefa leiðbeinandi kostnaðartölu um það efni. Verður niðurstaða hvað það varðar að ráðast af samningaviðræðum Vegagerðarinnar við hvert einstakt sveitarfélag. Hins vegar er unnt að fara nær um árlegan kostnað við viðhald og þjónustu sem bæði byggist á útreikningum og reynslutölum en hann liggur á bilinu 1-1,5 m.kr. á km miðað við tveggja akreina veg. Frávik stáfar af mismunandi ástandi veganna og mismunandi þjónustustigi. Telur nefndin nauðsynlegt að Vegagerðin hefji strax undirbúning að því að flytja vegina og skipuleggja viðræður við viðkomandi sveitarfélög. Nokkrir samningar hafa þegar verið gerðir við sveitarfélög og leggur nefndin til að þeir verði skoðaðir í ljósi þeirrar aðferðarfræði sem hér er lögð til og þeir endurskoðaðir, ef við á, svo jafnræðis sé gætt.

Nefndin leggur til að vinnan verði skipulögð í ljósi eftirfarandi markmiða:

1. Sveitarfélög taki við veghaldi „skilavega“ 1. janúar 2015, enda liggja þá fyrir samkomulag um hvaða endurbætur þurfi að gera á viðkomandi vegi.
2. Vegagerðin komi skilavegum í viðunandi ástand á yfirstandandi tímabili samgönguáætlunar, þ.e. 2014-2016.
3. Vegagerðin greiði árlega 1-1,5 m.kr. á km (háð ástandi og þjónustustigi) frá 1. janúar 2015 vegna viðhalds og þjónustu skilavega til ársloka 2019. Greiðsla þessi falli niður ef almennt samkomulag næst um fjárframlög frá ríki vegna gatna í þéttbýli.

Að álitum nefndarinnar kalla framangreindar tillögur á að bætt verði við vegalög bráðabirgðaákvæði, þar sem kveðið verði á um framangreint fyrirkomulag.

Þá leggur nefndin einnig til eftirfarandi:

1. Ef vegur fellur af vegaskrá við sameiningu sveitarfélaga, skal slíkum vegi skilað til sveitarfélags í viðunandi ástandi og Vegagerðin kosti viðhald og þjónustu í fimm ár eftir sameiningu.
2. 10 km reglu b-liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga verði breytt í þeim tilvikum þar sem vegur liggur af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg.“



Ábendingar við einstakar greinar

Um 3. gr.

Sambandið er sammála þeim breytingum sem lagðar eru til í greininni. Lögð er áhersla á það af hálfu sambandsins varðandi c-lið 3. gr. að ákvarðanir um að fella vegi af vegaskrá verði teknar að undangengnu samráði við sveitarfélögin, enda er eðlilegt að gerð sé sú krafa að vegaskrá taki mið af skipulagsáætlunum sveitarfélaga og gagnkvæmt.

Um 4. gr.

Sambandið gerir ekki athugasemd við greinina en leggur áherslu á að ákvörðun um hvort sveitarfélag tekur við veghaldi vegar utan þéttbýlis er valkvæð ákvörðun en ekki skylda.

Um 6. gr.

Að áliti sambandsins er sú breyting sem lögð er til á 2. mgr. 28. gr. til mikilla bóta og styður sambandið eindregið að hún verði lögfest óbreytt.

Um 8. gr.

Ákvæði a-liðar 8. gr. er til komið að ósk sambandsins. Ákvæðið getur eingöngu haft áhrif varðandi stofnvegi sem falla undir 4. málslíð a. liðar 2. mgr. 8. gr., þ.e. umferðarmestu vegi sem tengja saman sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Stofnvegir sem tengja saman tvo eða fleiri þéttbýlisstaði verða hins vegar almennt áfram í flokki stofnvega þótt viðkomandi sveitarfélög sameinist. Breytingin í a. lið 8. gr. á af þessari ástæðu eingöngu við um sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Um 9. gr.

Það bráðabirgðaákvæði sem hér er lagt til að verði lögfest skiptir sveitarfélögin umtalsverðu máli. Forsögu þessarar breytingar má rekja aftur til gildistöku laganna í byrjun árs 2008 þegar um 70 km af stofnbrautum færðust í flokk sveitarfélagsvega og ábyrgð á viðhaldi þeirra hefði þar með átt að vera á hendi viðkomandi sveitarfélaga. Ekki varð af framkvæmd lagaákvæðanna vegna mótmæla sveitarfélaga, sem töldu nauðsynlegt að skilgreina nánar forsendur þess að þau yfirtækju þessa vegakafla. Því hefur Vegagerðin áfram séð um viðhald veganna frá því að lögin tóku gildi. Í kjölfar gildistöku laganna hófust samningaviðræður á milli aðila um yfirfærsluna en niðurstaða þeirra viðræðna var að vegunum yrði skilað til sveitarfélaganna í viðunandi ástandi. Vegna lækkandi fjárframlaga til þessara verkefna hjá Vegagerðinni eftir efnahagshrunið haustið 2008 hefur þetta þó ekki enn gengið eftir.

Bráðabirgðaákvæðinu er ætlað að tryggja lagagrundvöll fyrirhugaðrar yfirfærslu, sem stefnt er að því að ljúka sem fyrst, í góðri sátt við þau sveitarfélög sem málið varðar. Ljóst má þó vera að einhver dráttur getur enn orðið á því að ganga frá samkomulagi við sveitarfélögin, en í tillögum nefndarinnar var miðað við dagsetninguna 1. janúar 2015 hvað það varðar.



Kostnaðaráhrif á sveitarfélög

Sambandið gerir athugasemd við að umsögn um kostnaðaráhrif frumvarpsins, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, fylgir ekki með frumvarpinu.

Í fylgiskjali frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á ríkissjóð segir eftirfarandi:

„Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögnum sem varða skilgreiningu og flokkun á þjóðvegum, mat á vegstæðum og ábyrgð á viðhaldi vega. Forsögu þessara breytinga má rekja aftur til gildistöku laganna í byrjun árs 2008 þegar um 70 km af stofnbrautum færðust í flokk sveitarfélagsvega og ábyrgð á viðhaldi þeirra hefði þar með átt að vera á hendi viðkomandi sveitarfélaga. [...]

Samkvæmt greinargerð um endurskoðun vegalaga [...] má gera ráð fyrir að viðhaldskostnaður á hvern kílómetra sé að meðaltali á bilinu 1–1,5 m.kr. á ári. Kostnaður Vegagerðarinnar vegna þessara 70 km sem hún mun greiða fyrir nemur því um 350–525 m.kr. uppsafnað næstu fimm árin umfram það sem henni ber samkvæmt gildandi lögum. Í þessu samhengi má einnig líta svo á að Vegagerðin hafi lagt út í útgjöld vegna viðhalds sömu vega frá því að lögin tóku gildi árið 2008 án þess að henni hafi lengur borið til þess lagaleg skylda og má ætla að þau gætu hlaupið á nokkrum hundruðum milljóna króna samkvæmt sömu forsendum. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að Vegagerðin geti samið við sveitarfélög um veghald þeirra vega sem framvegis verða færðir til sveitarfélaga í þeim tilvikum þegar sveitarfélög sameinast. Er þá gert ráð fyrir að Vegagerðin haldi áfram að þjónusta veginn í allt að fimm ár þar á eftir. Ekki eru neinar forsendur hér til að segja til um í hversu miklum mæli ákvæðinu verði beitt en gera verður ráð fyrir að aukinn kostnaður Vegagerðarinnar gæti orðið umtalsverður. [...]

Samkvæmt framansögðu má því gera ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins muni geta aukið útgjöld ríkissjóðs um allt að 525 m.kr. uppsafnað næstu fimm árin frá því sem annars var gert ráð fyrir að óbreyttum lögum. Hér er hins vegar um að ræða útgjöld sem ríkissjóður hefur borið til þessa og að fimm árum liðnum ætti hann að færast til sveitarstjórnarstigsins og dreifast niður á þau sveitarfélög sem í hlut eiga.“

Sambandið gerir ekki athugasemd við framangreindar forsendur um kostnaðaráhrif frumvarpsins en áréttar að Alþingi ber lögum samkvæmt að kalla eftir kostnaðarumsögn frá viðkomandi fagraðuneyti vegna mála sem hafa fyrrsjáanlega áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Umsögn frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi

31. október 2014

Þingskjal 161 – 157. mál

Almennt álit

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) fagnar þeim breytingum á vegalögum nr. 80/2007 er fram koma í frumvarpi þess efnis og lúta að því að skerpa á hlutverki og ábyrgð Vegagerðarinnar annars vegar og sveitarfélaga hins vegar.

Athugasemdir við einstakar greinar

- **3. gr. frumvarps, a-liður.** SSA fagnar og styður þá breytingu sem hér er lögð til enda er þar tekið tillit til ábendinga sveitarfélaga m.a. með tilliti til snjómoksturs. SSA ítrekar jafnframt þá ábyrgð Alþingis að tryggja nægjanlegt fjármagn til viðhalds vega og vetrarþjónustu, svo tryggja megi sem best öryggi allra íbúa.
- **9. gr. frumvarps.** SSA bendir á, líkt og áréttað hefur verið af Sambandi sveitarfélaga á Íslandi, að brýnt er að fyrir liggja kostnaðarumsögn um áhrif frumvarpsins á sveitarfélög en hún hefur ekki verið lögð fram með frumvarpinu. Samkvæmt greinargerð um endurskoðun vegalaga sem birt var í febrúar síðastliðnum má gera ráð fyrir að viðhaldskostnaður á hvern kílómetra sé að meðaltali á bilinu 1–1,5 m.kr. á ári.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á vegalögum, nr. 8070 - 157. mál


Samtök atvinnulífsins, SVP - Samtök verslunar- og þjónustu, Samtök iðnaðarins og Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið til umsagnar frumvarp til breytingar á vegalögum.

Samtökin gera engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið utan gr. 7 þar sem lagt er til að Samgöngustofu verði heimilt að beita stjórnvaldssektum. Gjalda Samtökin varhug við að opinberri eftirlitsstofnun verði jafnframt veitt vald til að leggja á stjórnvaldssektir vegna ýmissa brota sem hún rannsakar Sami aðili dæmir, ákvarðar stjórnvaldssekt og rannsakar mál. Eðlilegt er að hlutlaus aðili lögregla og ákærvald meti hvort ávirðingar eða brot gefi tilefni til að ákæru og refsingar. Í raun er verið með þessum tillögum að skerða réttaröryggi fyrirtækja og borgaranna. Þeir verða að fá stjórnvaldssektir felldar úr gildi með kæru og jafnvel dómsmálum með tilheyrandi kostnaði. Um þessar stjórnvaldssektir á setja nánari reglugerðarákvæði en engum kæruleiðum er lýst í frumvarpinu.

Leggja samtökin eindregið til að 7. grein frumvarpsins verði felld niður. Engin rök eru til að veita Samgöngustofu valdheimild til að beita stjórnsýslusektum. Stofnunin getur kært brot skv. 17. gr. til lögreglu skv. 59. gr. vegalaga. Brot gegn vegalögum og reglugerðum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það sem hann hefur unnið.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Jón Rúnar Pálsson

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson

F.h. Samtaka iðnaðarins



Árni Jóhannsson

F.h. SVP - Samtaka verslunar og þjónustu



Lísbet Einarsdóttir

30.10.2014

Góðan dag,

Á fundi bæjarráðs Árborgar í dag 30. október var tekin fyrir beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar um umsögn – frumvarp til laga um vegalög, gjaldtaka af umferð o.fl., EES reglur:

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Árborgar bendir á að ef breytingar á vegalögum leiða til þess að vegir sem hafa verið í umsjá Vegagerðarinnar færast til sveitarfélaga er nauðsynlegt að fjármagn til viðhalds veganna fylgi.

Framangreint tilkynnist hér með.

Með kveðju,

*Rósa Sif Jónsdóttir
ritari*

7.11.2014

Til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Vegagerðin sendi inn umsögn um ofangreint frumvarp, 157. mál, innan tilgreinds frests. Vegagerðin óskar eftir að fá að bæta við breytingatillögu sem ekki lá fyrir þegar umsögnin var send. Haft var samráð við innanríkisráðuneytið og litið svo á að ráðuneytið geri ekki athugasemdir við að rétt sé að leggja þetta til.

Tillagan er í samræmi við lög um Vegagerðina nr. 120/2012 og tengist þeirri breytingu sem lögð er til í 1. og 2. gr. frumvarpsins að kveða á um það hlutverk Samgöngustofu að hafa eftirlit með öryggisstjórnun vegamannvirkja. Um er að ræða tillögu um að fella brott 3. mgr. 15. gr. laganna sem er svohljóðandi: "*Innan Vegagerðarinnar skal vera starfrækt óháð deild sem heyrir beint undir [forstjóra Vegagerðarinnar]¹⁾ og skal sjá um innra eftirlit með veghaldi stofnunarinnar, þ.m.t. umferðaröryggi vega.*"

Lögð er til svohljóðandi breyting á frumvarpinu:

"Við 4. gr. frumvarpsins bætist málsgrein sem verður 2. mgr. svohljóðandi:

3. mgr. 15. gr. laganna fellur brott."

Greinargerð:

Í 3. mgr. 15. gr. vegalaga nr. 80/2007 er fjallað er um innra eftirlit hjá Vegagerðinni. Í ljósi þess að sett hafa verið sértök lög um Vegagerðina verður að telja ákvæðið misræmi að hafa áfram í vegalögum ákvæði sem snýr að innra eftirliti hjá Vegagerðinni. Tilgangur með setningu 3. mgr. 15. gr. var ekki síst að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2008/96/EB frá 19. nóvember 2008 um öryggisstjórnun vegamannvirkja. Var talið nauðsynlegt við innleiðingu tilskipunarinnar að kveða með lögum á um sjálfstætt innra eftirlit hjá Vegagerðinni. Telja má ákvæðið óþarft hvað varðar eftirlit með framkvæmd öryggisstjórnunar vegamannvirkja með því að eftirlitið færir yfir til Samgöngustofu samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir því að áfram verði við líði innra eftirlit hjá stofnuninni í samræmi við gildandi skipulag hennar hverju sinni og í samræmi við góða stjórnsýsluhætti en ekki er lengur talin þörf á að lögfesta sérstaklega slíka skipan. Er því lögð til sú breyting að 3. mgr. 15. gr. vegalaga verði felld úr vegalögum.

Óskað er eftir að framangreindri breytingatillögu verði bætt við umsögn Vegagerðarinnar.

Með kveðju



Stefán Erlendsson

Forstöðumaður lögfræðideildar



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Heimir Skarphéðinsson, nefndarritari
Skrifstofa Alþingis v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2014
Tilvísun: 2014010113
SE/

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á vegalögum nr. 80/2007, 157. mál.

Með tölvubréfi þann 17. október sl. er Vegagerðinni gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna ofangreinds frumvarps til breytinga á vegalögum nr. 80/2007. Frumvarpið er að mestu efnislega samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á síðastliðnu þingi en náði ekki afgreiðslu þá og varðaði innleiðingu ákvæða um gjaldtöku og viðurlög á grundvelli EES samningsins auk tillagna nefndar sem skipuð var til að endurskoða tiltekin atriði vegalaga. Engar athugasemdir eru gerðar við umrædd ákvæði frumvarpsins.

Auk framangreinds felur frumvarpið í sér tillögu sem miðar að því að skýra hlutverk Samgöngustofu við framkvæmd laganna. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 143/2012 um Samgöngustofu skal stofnunin hafa eftirlit með öryggi og öryggisstjórnun samgöngumannvirkja. Öryggisstjórnun vegamannvirkja fer fram í samræmi við reglugerð nr. 866/2011 með breytingum með reglugerð nr. 292/2014 sem innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2008/96/EB frá 19. nóvember 2008 um öryggisstjórnun vegamannvirkja, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2009, sem birt er í EES-viðbæti nr. 20, 7. apríl 2011. Það að fela Samgöngustofa eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar er í fullu samræmi við skuldbindingar Íslands skv. EES samningnum. Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við þessa breytingatillögu, sem unnin var að höfðu samráði við stofnunina, en telur hins vegar ummæli í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu til þess fallin að valda misskilningi við túlkun ákvæða 2. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum við 1. og 2. gr. frumvarpsins, lokamálsgrein, segir efnislega að eftirlit Samgöngustofu muni fara fram í formi stjórnarsýsluúttekta á gæðakerfi í þeim tilgangi að vegafamkvæmdir verði í fyllsta samræmi við "lög, reglugerðir, reglur eða samþykktir sem um framkvæmdir gilda". Skilja má tilvitnuð orð þannig að ætlunin sé að eftirlit Samgöngustofu nái til þess almennt að Vegagerðin og aðrir veghaldarar, t.d. sveitarfélög, fylgi lögum og reglum við framkvæmdir en ekki verður fallist á að ráða megi það t.d. af orðalagi tillögunnar. Vegagerðin lítur svo á að breytingatillaga 2. gr. frumvarpsins nái eingöngu til þess að skýra hlutverk Samgöngustofu varðandi eftirlit með framkvæmd öryggisstjórnunar vegamannvirkja samkvæmt ofangreindri reglugerð og að tilvitnuð ummæli í athugasemdum við 1. og 2. gr. séu því ónákvæm eða byggð á misskilningi. Vegagerðin telur rétt að vekja athygli nefndarinnar á þessu og bendir á að mögulega sé tilefni til þess að sá skilningur verði áréttaður í nefndarátliti að ekki sé ætlunin að koma á viðtækara eftirliti Samgöngustofu með Vegagerðinni en leiðir af orðalagi 2. gr. frumvarpsins, og einskorðast

við eftirlit með framkvæmd öryggisstjórnunar vegamannvirkja.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson
vegamálastjóri

Sveitarfélag	Vnr.	Knr.	Vegheiti	Vfl.	km	Yfirborð
Isafjarðarbær	64	02	Flateyjarvegur	S	0,50	Bundið
	65	03	Súgandafjarðarvegur	S	0,75	Bundið
					1,25	
Reykholahreppur	606	01	Karlseyjarvegur	T	0,63	Bundið
					0,63	
Tálknafjarðarhreppur	617	02	Tálknafjarðarvegur	S	0,97	Bundið
	617	03	Tálknafjarðarvegur	T	0,58	Bundið
					1,55	
Vesturbyggð	619	02	Ketiladalvegur	T	0,54	Bundið
					0,54	
Strandabyggð	67	02	Hólmavíkurvegur	S	1,11	Bundið
					1,11	
Sveitarfélagið Skagafjörður	77	02	Hofsósbraut	S	0,92	Bundið
	747	01	Hafnarvegur Hofsósi	T	0,95	Bundið
					1,87	
Húnaþing vestra	72	03	Hvammstangavegur	S	0,39	Bundið
					0,39	
Blönduósibær	740	01	Hafnarvegur Blönduósi	T	1,50	Bundið
					1,50	
Akureyrarkaupstaður	819	01	Hafnarvegur Akureyri	S	1,05	Bundið
	837	01	Hlíðarfjallsvegur	S	1,50	Bundið
	837	02	Hlíðarfjallsvegur	S	1,00	Bundið
	837	03	Hlíðarfjallsvegur	X	0,61	Bundið
				4,16		
Norðurþing	870	01	Kópaskersvegur	T	0,56	Bundið
					0,56	
Dalvíkurbyggð	809	02	Hauganesvegur	T	0,66	Bundið
					0,66	
Eyjafjarðarsveit	822	01	Kristnesvegur	T	0,90	Bundið
					0,90	
Svalbarðsstrandarhreppur	830	03	Svalbarðseyrarvegur	T	0,57	Bundið
					0,57	
Grýtubakkahreppur	838	01	Hafnarvegur Grenivík	H	0,98	Bundið
					0,98	
Þingeyjarsveit	846	01	Austurhlíðarvegur	T	0,84	Bundið
					0,84	
Langanesbyggð	91	01	Hafnarvegur í Bakkafirði	T	0,45	Bundið
					0,45	
Seyðisfjarðarkaupstaður	951	01	Vestdalseyjarvegur	T	0,35	Bundið
	952	01	Hánefsstaðavegur	S	0,24	Bundið
	952	02	Hánefsstaðavegur	T	1,50	Bundið
				2,09		

Sveitarfélag	Vnr.	Knr.	Veghelti	Vfl.	km	Yfirborð
Fjarðabyggð	92	12	Norðfjarðarvegur	S	0,51	Bundið
	954	00	Helgustaðavegur	S	0,20	Bundið
	954	01	Helgustaðavegur	T	1,42	Bundið
					2,13	
Borgarfjarðarhreppur	947	01	Desjarmýrarvegur	T	0,74	Bundið
					0,74	
Breiðdalshreppur	97	01	Breiðdalsvíkurvegur	S	0,28	Bundið
	97	02	Breiðdalsvíkurvegur	S	0,39	Bundið
	960	01	Hafnarvegur Breiðdalsvík	S	0,82	bundið
					1,49	
Sveitarfélagið Arborg	314	02	Holtsvegur	T	0,34	Bundið
	343	02	Alfsstétt	S	1,51	Bundið
					1,85	
Skaftharhreppur	205	01	Klausturvegur	S	0,91	Bundið
					0,91	
Hveragerðisbær	376	01	Breiðamörk	S	0,66	Bundið
	376	02	Breiðamörk	T	0,60	Bundið
					1,26	
				Alls	69,97	

Sveitarfélag	Vnr.	Knr.	Vegheiti	Vfl.	km	Yfirborð
Reykjavíkurborg	41	01	Reykjanesbraut	S	1,86	Bundið
	41	02	Reykjanesbraut	S	1,86	Bundið
	419	01	Höfðabakki	S	2,40	Bundið
	419	02	Höfðabakki	S	2,10	Bundið
	432	01	Hallsvegur	S	0,86	Bundið
					9,08	
Kópavogsbær	413	03	Breiðholtsbraut	S	2,95	Bundið
					2,95	
Seltjarnarneskaupstaður	49	06	Nesbraut	S	0,52	Bundið
					0,52	
Garðabær	412	00	Vífilsstaðavegur	S	0,50	Bundið
	412	01	Vífilsstaðavegur	S	1,92	Bundið
	412	02	Vífilsstaðavegur	S	0,82	Bundið
					3,24	
Hafnarfjarðarkaupstaður	410	02	Ellidavatnsvegur	S	5,51	Bundið
	470	01	Fjarðarbraut	S	2,19	Bundið
	470	02	Fjarðarbraut	S	1,63	Bundið
					9,33	
Sveitarfélagið Alftanes	405	01	Sviðholtsvegur	T	1,30	Bundið
	415	05	Alftanesvegur	S	0,91	Bundið
					2,21	
Mosfellsbær	431	01	Hafravatnsvegur	T	4,75	Bundið
	431	02	Hafravatnsvegur	S	4,35	Bundið/Möl
					9,10	
Sveitarfélagið Garður	4250	01	Utgarðsvegur	T	1,64	Bundið
					1,64	
Sveitarfélagið Vogar	421	02	Vogavegur	S	0,78	Bundið
					0,78	
Akraneskaupstaður	503	02	Innnesvegur	S	1,54	Bundið
					1,54	
Hvalfjarðarsveit	5033	01	Hagamelsvegur	T	0,15	Bundið
					0,15	
Borgarbyggð	531	01	Borgarbraut	S	1,00	Bundið
					1,00	